

HÚSAKÖNNUN

Álftanes - Norðurnes

GARÐABÆR

DRÖG

13.12.2019

GLÁMA·KÍM

Arkitektar Laugavegi 164 ehf, 105 Reykjavík
s: 530-8100, f: 530-8101, kt: 560 496 2739
glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is

Inngangur

Hér birtist húsakönnun fyrir íbúðabyggð á Norðurnesi Álftaness, beggja vegna Jörfavegar og norðan Bessastaðatjarnar að fjörunni norðan við byggðina. Húsakönnunin nær til gatnanna Jörfavegur, Blikastígur, Fálkastígur og annarra stakstæðra húsa á Norðurnesinu, sjá afmörkun á loftmynd og skýringarmyndum.

Með húsakönnun eru byggð hús skráð og lagt mat á varðveislugildi einstakra húsa á viðkomandi deiliskipulagssvæði. Jafnframt er lagt mat á varðveislugildi byggðarinnar í heild sinni. Markmið húsakönnunar er að fá fram niðurstöður sem eru notaðar til að marka stefnu um vernd eða friðun til framtíðar. Húsakönnun er *„byggingarlistarleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda.“* (Heimild : Minjastofnun Íslands: „Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana“. Óútgefið leiðbeiningarit. Húsafriðunarnefnd 2009). Almennt séð er gildi hvers hús á Álftanesi ekki metið sérstaklega í húsakönnun þessari, heldur einungis ef viðkomandi hús hefur sérstakt gildi.

Húsin á athugunarsvæðinu hafa í einstaka tilvikum ákveðið gildi fyrir götumynd, göturými og umhverfi sitt og gegna hlutverki í því tilliti. Þau eru öll hluti af mótaðri byggð. Byggingarár húsa eru tilgreind samkvæmt fasteignaskrá Þjóðskrár. Ártöl þarf þó að taka með ákveðnum fyrirvara, þar sem skráningum um byggingarár sem tilgreint er í fasteignaskrá Þjóðskrár ber ekki alltaf saman við önnur gögn. Eins er í einstaka tilvikum óljóst hvort tilgreindir höfundar húsa eru höfundar upphaflegra teikninga.

Yfirbragð og þróun byggðar

Álftanes er láglent og telst vera eitt innnesjanna við Faxaflóa. Útróðrar voru lengst af stundaðir á nesinu. Afkoma fólks framan af byggðist fyrst og fremst á sjávarútvegi en í upphafi 20stu aldar tók landbúnaður, þá helst kúabúskapur, við sem helsta atvinnugrein íbúa á nesinu. Það er á tuttugustu öldinni sem farið var að brjóta land til ræktunar, en sjósókn var þá orðin rýr, fiskiskip stækkuðu og aðstaða fyrir þau ekki til staðar á Álftanesi. Þessi breyting í búsháttum kom í kjölfar ofveiði og ásælni erlendra fiskiskipa á veiðislóðir Álftnesinga. Þessum breytingum fylgdu miklir búflutningar, en fjöldi Álftnesinga yfirgaf nesið í kjölfar aflabrests um aldamótin 1900. Framtíð sjósóknar í Faxaflóa á tuttugustu öldinni byggðist á því hvar sjálfgerðar hafnir voru, einkum í Reykjavík og Hafnarfirði, en á Álftanesi var slík aðstaða ekki fyrir hendi.

Á seinni hluta 19. aldar voru Álftnesingar milli 550 og 600. Hæstur varð íbúafjöldinn á þessum tíma 670 manns um 1880. Laust fyrir 1900 fór íbúum að fækka og voru fæstir 117 um 1940. Upp úr því fjölgaði íbúum hægt fram til 1970 þegar uppbygging íbúðarbyggðar á Álftanesi hófst fyrir alvöru. Stærstur hluti íbúaaukningar undanfarinna áratuga stafar af flutningum fólks frá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Í byrjun 20stu aldar voru flestar mýrar þurrkaðar, nær öll tún sléttuð og hreinsuð af grjóti. Mikið var af litlum smábýlum og hjáleigum. 1950 voru um 25 kúabú á Álftanesinu, en jafnframt var nokkuð um rófnarækt og hænsnabú. T.d. þá var ennþá hænsnabú í Vestri Skógtjörn árið 1996. Flest býli voru sjálfseignarbú með tveimur til tíu íbúum, sem unnu á bænum. Mörg húsanna á athugunarsvæðinu bera enn bæjarnöfn, en það stafar af því að framan af var hvorki

búið að leggja götur né að gefa götum nafn. Húsbyggjendur á þeim tíma höfðu gjarnan keypt sér spildu úr jörðum, byggt hús og gefið húsunum nafn áður en gatan kom.

Upp úr miðri 20stu öld voru uppi áform um að byggja flugvöll á Álftanesi, og var byggingabann allt frá 1961 til 1971 vegna þessara áforma. Á þeim tímapunkti var mikil eftirspurn eftir lóðum. Þrátt fyrir bannið risu nokkur hús á meðan á þessu gekk og voru notuð ýmis ráð til að komast framhjá því. Meðal annars voru nýttar heimildir til nýrra eða endurnýjaðra húsbygginga á lögbýlum.
Skipulag Álftaness ber þess glöggt merki að í kjölfar afléttingar byggingabanns sumarið 1971 var hleypt af stað uppbyggingu byggðar á mörgum stöðum, gagngert til að bægja frá hættunni af áformum um flugvöll í framtíðinni. Byggðin telst dreifð af þeim sökum. Jafnframt ber byggðin þess merki að byggðakjarnar hafa orðið til í kringum stærstu býlin í sveitarfélaginu. Framan af voru það einkum afkomendur eigendanna sem byggðu yfir sig.

Fyrsta staðfesta aðalskipulag á Álftanesi, aðalskipulag Bessastaðahrepps 1984- 2004, var unnið af Skipulagi ríkisins og var aðalskipulagið samþykkt af sveitarstjórn Bessastaðahrepps 26. nóvember 1985 og staðfest af félagsmálaráðherra, 3. janúar 1986. Byggð reis að mestu leyti samkvæmt því. Íbúðahverfi voru deiliskipulögð eftir því sem við átti.
Eftir sameiningu Bessastaðahrepps og Garðabæjar er Álftanesið hluti af aðalskipulagi Garðabæjar sbr. Aðalskipulag Garðabæjar 2016 – 2030 sem var staðfest í maí 2018.

Á athugunarsvæðinu eru timmtíu byggingar, flest íbúðarhús sem eru öll skráð einbýlishús. Á Fálkastíg og Blikastíg eru skv. Þjóðskrá einungis einbýlishús, þó gistihús séu rekin í tveimur þeirra. Við Blikastíg stendur viti sem er lóðarlaus. Önnur hús á svæðinu tilheyra dreifðari byggð og hafa öll bæjarnöfn en eru ekki kennd við götur. Flest eru þau einbýlishús, í Eyvindarholti er rekið gistihús, en einnig er að finna útihús, vélaskemmur, bátaskýli og spennistöð.

Flest húsanna við Blikastíg voru reist á árunum 1980-2000. Eitt hús við Blikastíg er friðað vegna aldurs en það er húseignin nr. 16 sem var reist 1904 sem verksmiðjuhús til framleiðslu á joði úr þara. Hús við Fálkastíg voru reist eftir árið 2000. Önnur hús eru ýmist eldri stakstæð íbúðarhús reist á spildum úr lögbýlum eða sem landbúnaðarhús. Stórar lóðir húsa einkenna hverfið en húsin eru öll einlyft en sum með íbúðarrisi. Bílgeymslur eru ýmist stakstæðar eða áfastar við húsin.

Hönnuðir

Hús sem byggð eru eftir 1980 eru ýmist hönnuð af arkitektum, byggingafræðingum, byggingatæknifræðingum eða verkfræðingum. Ekki er talin ástæða til að vernda götumyndir.

Húsin eru ýmist staðsteypt eða timburhús með mismunandi áferð. Steypt hús eru ýmist sléttpússuð og máluð, hraunuð, steinuð eða grófsteypt. Timbúrhúsin eru klædd með timburpanel, steniklæðningu, bárujárni eða múrsteini. Þá eru dæmi um hús byggð úr forsteyptum einingum. Mörg húsanna eru einingahús úr innlendri- eða erlendri framleiðslu.

Upprunaleiki - breytingar

Nokkuð hefur verið um breytingar á eldri húsum innan svæðisins. Á nokkrum stöðum hefur þökum og yfirborðsefnum veggja verið breytt. Nokkur hús hafa verið stækkuð og þá hafa sólstofur eða garðhýsi verið byggð við þau.

Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi er mat lagt á fimm þætti: Byggingarlist eða listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunalega gerð og tæknilegt ástand. Niðurstaða úr þessum matsþáttum er varðveislugildið og á því byggjast tillögur um varðveislu og verndun.

Byggingarlist er m.a. mat á hlutföllum, samsvörun í útliti og úrvinnslu einstakra byggingarhluta ásamt því að skoða samspil forms, efnismeðferðar og notagildis. Matið er miðað við útlit hússins eins og það er þegar matið fer fram og er þá lagt mat á þær breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu í gegnum tíðina. Einnig er metið hvort um er að ræða tæknilegar nýjungar eða efnisval miðað við byggingartíma hússins.

Menningarsögulegt gildi byggir m.a. á því hvort sögufrægir atburðir og/eða persónur tengjast húsinu eða að það standi á sögufrægum stað.

Umhverfisgildi er m.a. metið út frá mikilvægi hússins fyrir nærliggjandi hús, götumynd eða hverfi og færð rök fyrir mikilvægi þess í umhverfi sínu. Jafnframt er lagt mat á hvort staðsetning húss í landslagi eða á lóð falli að umhverfinu eða ekki.

Upprunaleg gerð hússins er metin út frá því hvernig upprunaleg gerð þess hefur varðveist í gegnum árin og reynt að leggja mat á hvernig til hefur tekist með viðgerðir, viðbyggingar eða breytingar á húsinu og hvort þær styrki eða veiki mikilvæga byggingarhluta hússins eða húsið í heild sinni. Tæknilegt ástand kann að hafa áhrif á varðveislugildi húss, sér í lagi í þeim tilvikum þar sem hús er mjög illa farið. Varðveislugildi hússins er metið út frá öllum ofangreindum þáttum, en hafa ber í huga að mat á byggingarlist, menningarsögu og umhverfis vega þyngst. Taka skal fram að mat á varðveislugildi húsa eða byggðar verður alltaf huglægt mat sem aldrei er hafið yfir gagnrýni eða vafa. Nýjar upplýsingar eða breytingar á húsi geta leitt til endurmats á því og breytt varðveislugildi þess.

Niðurstöður varðveislumats

Á athugunarsvæðinu er eitt hús þegar friðlýst og annað er friðað á grundvelli aldurs. Ekki er gerð tillaga að frekari vernd húsa á svæðinu. Á yfirlitsmyndum er gerð grein fyrir byggingarárum húsa, húsvernd og varðveislugildi bygginga.

Friðlýst hús

Eitt friðlýst hús er að finna á athugunarsvæðinu: Gamla steinhúsið að Breiðabólsstöðum. Húsið var byggt árið 1883 úr klofnum tilhöggnum grásteini sem límdur var saman með kalksandi. Húsið var friðlýst af forsætisráðherra 14. júní 2016 með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Friðlýsingin tekur til ytra borðs hússins. Á heimasíðu Minjastofnunar segir um húsið: „Það er fágætur vitnisburður um stórt útgerðarheimili frá

seinni hluta 19. aldar þegar umfangsmikil sjósókn var stunduð frá Álftanesi og öðrum sjávarbyggðum við innanverðan Faxaflóa. Að öllum líkindum er það eina heillega húsið frá 19. öld sem enn stendur í sveitarfélaginu. Byggingarlag hússins er athyglisvert og óvenju vandað."

Óheimilt er að raska húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands séu þau friðlýst.

http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/hofudborgarsvaedid/nr/1449

Varðveislugildi

Fjögur hús eru metin með hátt varðveislugildi, en það eru tvö hús á Breiðabólsstað, Akrakot og Álftanesviti. Flest húsanna eru metin með miðlungs varðveislugildi, þau eru hluti af mótaðri byggð í íbúðargötum eða strjálbýli Álftaness. Nokkur hús eru metin með lágt varðveislugildi, en það eru í flestum tilvikum skemmur í misjöfnu ástandi sem og spennistöð.

Höfundar

Húsakönnun þessi var unnin árið 2019 að beiðni Tækni- og umhverfissviðs Garðabæjar vegna deiliskipulagsvinnu á Álftanesi.
Eftirtaldir komu að vinnunni:

Elísabet Sara Emilsdóttir, arkitekt
Jóhannes Þórðarson, arkitekt faí
Silja Traustadóttir, arkitekt faí

Nokkrar eldri ljósmyndir eru eftir Maríu Birnu Sveinsdóttur úr bókinni; Álftanes Myndir í 50 ár 1963-2012. Texti Margrét Eggertsdóttir, eigin útgáfa beggja.

Stuðst var við upplýsingar úr bókinni:
Álftaness saga, Bessastaðahreppur – fortíð og sagnir, eftir Önnu Ólafsdóttur Björnsson, sem kom úr hjá Þjóðsögu árið 1996.

Auk þess voru upplýsingar og góð ráð fengin frá:

Pétri Ármannssyni, arkitekt og sviðsstjóra hjá Minjastofnun
Húseigendum á svæðinu

Rýni fyrir hönd Tækni- og umhverfissviðs Garðabæjar:

Sólveig Helga Jóhannsdóttir, skipulagsfræðingur
Arinbjörn Vilhjálmsson, arkitekt og skipulagsstjóri Garðbæjar

Höfundar kunna þeim bestu þakkir fyrir.

Forsíðumynd er af Álftanesvita eftir Eggert Steinsen, verkfræðing.

Heimildaskrá:

Anna Ólafsdóttur Björnsson (1996)
ritnefnd María B. Sveinsdóttir o. fl.
Álftaness saga, Bessastaðahreppur – fortíð og sagnir
Þjóðsaga

Haraldur Helgason ritstjóri o.fl (1997)
Arkitektatal
Þjóðsaga

Jón Thorarensen (1945)
Sjósókn: endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólsstöðum
ísafoldarprentsmiðja

María Birna Sveinsdóttir myndir, Margrét Eggertsdóttir texti (2012)
Álftanes: myndir í 50 ár
Útgefanda ekki getið

BESSASTAÐATJÖRN

HÚSAKÖNNUN ÁLFTANES
SUÐURNES - YFIRLITSMYND

Könnunarsvæði

Loftmynd 2018 http://map.is/gardabaer/#
Loftmyndir ehf

Leirvík II

Uppsátur C

Beiðab.
SE

Grund-
spilda A

Grund

Breiðabóls-
staðir

BESSASTAÐA-
TJÖRN

Seyla

Jörfi 1

Baðhús

Hvoll 2

Hvoll

Blikastígur

Fálkastígur

Jörfavegur

BYGGINGARÁR HÚSA

Hús byggð 1900 og fyrr

Hús byggð 1901-1920

Hús byggð 1921-1940

Hús byggð 1941-1960

Hús byggð 1961-1980

Hús byggð 1981-2000

Hús byggð 2000 og síðar

Landakot

spennistöð

Stekkur

Asparvík

Tjörn

Eyvindarholt

Akurgerði - útihús

BESSASTAÐATJÖRN

Austurtún

Smáratún

Hátún

Suðurtún

Norðurnesvegur

Bessastaðavegur

BYGGINGARÁR HÚSA

Mörk húsakönnunar

Hús byggð 1900 og fyrr

Hús byggð 1901-1920

Hús byggð 1921-1940

Hús byggð 1941-1960

Hús byggð 1961-1980

Hús byggð 1981-2000

Hús byggð 2000 og síðar

Leirvík II

Uppsátur C

Beiðab.
SE

Grund-
spilda A

Grund

Breiðabóls-
staðir

BESSASTAÐA-
TJÖRN

Seyla

Jörfi 1

Baðhús

Hvoll 2

Hvoll

Bílkastígur

Fálkastígur

Jónsvegur

HÚSVERND

Friðlýst hús

Friðuð hús

Hús án verndunar

Landakot

spennistöð

Stekkur

Asparvík

Tjörn

Eyvindarholt

Akurgerði - útihús

BESSASTAÐATJÖRN

Austurtún

Smáratún

Hátún

Suðurtún

Norðurhúsavegur

Bessastaðavegur

HÚSVERND

Mörk húsakönnunar

Friðlýst hús

Friðuð hús

Hús án verndunar

Leirvík II

Uppsátur C

Beiðab.
SE

Grund-
spilda A

Grund

Breiðabóls-
staðir

Blikastígur

Falkastígur

Hvoll 2

Hvoll

Jörfi 1

Seyla

Baðhús

BESSASTAÐA-
TJÖRN

METIÐ VARÐVEISLUGILDI

Hátt varðveislugildi

Miðlungs varðveislugildi

Lágt varðveislugildi

BESSASTAÐATJÖRN

Landakot

Stekkur

spennistöð

Asparvík

Tjörn

Eyvindarholt

Akurgerði - útihús

Austurtún

Smáratún

Hátún

Suðurtún

Norðurnesvegur

Bessastaðavegur

METIÐ VARÐVEISLUGILDI

Mörk húsakönnunar

Hátt varðveislugildi

Miðlungs varðveislugildi

Lágt varðveislugildi

BESSASTAÐA-
TJÖRN

HÚSAKÖNNUN ÁLFTANES
NORÐURNES - norðurhluti

Loftmynd 2018 http://map.is/gardabaer/#
Loftmyndir ehf


BESSASTAÐATJÖRN
HÚSAKÖNNUN ÁLFTANES
NORÐURNES - suðurhluti
Mörk húsakönnunar
Loftmynd 2018 http://map.is/gardabaer/#
Loftmyndir ehf

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúðarhúsalóð
Núverandi notkun: Leikvöllur



Leikvöllur á Blikastíg 1, ágúst 2019

Gerð húss:	**Upphafleg:**	**Núverandi:**	**Helstu breytingar:**	**Hönnuðir breytinga:**
Byggingarefni				
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:				

Saga

Óbyggð íbúðarhúsalóð. Á lóðinni er leikvöllur.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Leikvöllur með fjöldafraleiddum leiktækjum og timburgirðingum á stöku stað sem gera lítið gagn.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Tengist uppvaxtarsögu yngri Álftnesinga.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Áningarstaður leikskólabarna á Álftanesi sem nýtur góðs af biðstöð strætó þar við hlið.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Ekki vitað
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Leiktæki virka en kominn er tími á metnaðarfulla endurgerð.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Kominn er tími á metnaðafulla endurgerð.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Alena Anderlova

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Blikastígur 2, úr aðaluppdrætti frá 1992



Blikastígur 2, júlí 2019

Gerð húss:	**Upphafleg:**	**Núverandi:**	**Helstu breytingar:**	**Hönnuðir breytinga:**
Byggingarefni	Timbur	Timbur		
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga

Húsið er teiknað á Húsnæðisstofnun Ríkisins árið 1992 og teikninguna undirritar Alena Anderlova, arkitekt.


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft einbýlishús úr timbri með sambyggðum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist lítið breytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið hefur fengið gott viðhald.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Steinar Harðarson
Hönnuður: Valdimar Harðarson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Blikastígur 3, úr aðaluppdrætti frá 1982



Blikastígur 3, júlí 2019

Gerð húss:

	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft Ris	Einlyft Ris

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft einbýlishús með íbúðarrisi og tvöföldum bílskúr, allt úr timbri. Líklega einingahús.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið þarfnast viðhalds.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Sigurður Kjartansson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Blikastígur 4, úr aðaluppdrætti frá 1999



Blikastígur 4, júlí 2019

Gerð húss:

	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft

Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
2013 Byggt á milli húss og bílskúrs	Helgi Vignir Bragason, byggingafræðingur

Saga


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft timburhús með mænisþaki og tvöföldum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggt var á milli húss og bílskúrs og geymsluskúr hefur verið bætt á lóðina.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel við haldið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: A. Viðar Ólsen

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Blikastígur 5, úr aðaluppdrætti frá 1983



Blikastígur 5, júlí 2019

Gerð húss:

	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Stallað ál	Stallað ál
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft Ris Kvistir Svalir	Einlyft Svalir Kvistir Ris

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga

Húsið er timbureiningahús á steyptum grunni.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft einbýlishús með íbúðarrisi og tvöföldum bílskúr, allt úr timbri. Líklega einingahús.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið þarfnast viðhalds.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Byggingarár: 1990

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Finnur Björgvinsson, Hilmar Þór Björnsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Blikastígur 6, úr aðaluppdrætti frá 1989



Blikastígur 6, júlí 2019

Gerð húss:

	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni	Steinsteypa	Steinsteypa
Útveggir:	Hraunað	Hraunað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Útskot (karnap) Einlyft Svalir Ris	Ris Einlyft Útskot (karnap) Svalir

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft, steinsteypt einbýlishús, með íbúðarrisi og sambyggðum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel viðhaldið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Sveinn Erlendsson
Hönnuður: Sigurður Guðmundsson, Sigurður P

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Blikastígur 7, úr aðaluppdrætti frá 1979



Blikastígur 7, júlí 2019

Gerð húss:	**Upphafleg:**	**Núverandi:**
Byggingarefni	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft timburhús með mænisþaki og stakstæðum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg. Stórar aspir á lóð byrgja sýn að húsinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð, nema hvað litaval varðar.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Komið er að viðahaldi byggingarhluta
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Björgvin R. Hjálmarsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Blikastígur 8, úr aðaluppdrætti frá 1983


Blikastígur 8, ágúst 2019

Gerð húss:	**Upphafleg:**	**Núverandi:**	**Helstu breytingar:**	**Hönnuðir breytinga:**
Byggingarefni	Timbur	Timbur		
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga

Húsið er teiknað hjá Húsnæðismálastofnun Ríkisins og teikning undirrituð af Björgvini R. Hjálmarssyni, byggingafræðingi.


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft timburhús með mænisþaki og stakstæðum tvöföldum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Viðhaldsaðgerðir standa yfir árið 2019.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: óþekktur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Blikastígur 9, úr aðaluppdrætti frá 2007



Blikastígur 29, ágúst 2019

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni	Timbur	Timbur
Útveggir:		Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft Ris	Einlyft Ris Kvistir

Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
2007 Viðbygging og utanhússklæðning.	Friðrik Ólafsson, Verkfræðingur

Saga

Húsið er upphaflega teiknað hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins. Árið 2007 voru samþykktar breytingar á húsinu, bygging á milli húss og bílskúrs og utanhússklæðning úr liggjandi bárujárni.


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft einbýlishús úr timbri með íbúðarrisi og kvistum. Tvöfaldur bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er klætt láréttri bárujárnsklæðningu sem gjörbreytir ásýnd þess.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið hefur fengið viðhald, þó efnisval sé ekki á forsendum upprunalegs byggingarstíls.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Sigurður Guðmundsson, Sigurður P.

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Blikastígur 10, úr aðaluppdrætti frá 1988



Blikastígur 10, ágúst 2019

Gerð húss:	**Upphafleg:**	**Núverandi:**
Byggingarefni	Timbur	Timbur
Útveggir:	Steniklæðning	Steniklæðning
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft timburhús með mænisþaki og stakstæðum tvöföldum bílskúr. Útbygging í garði er sérkennileg.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Ekki vitað
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið hefur fengið viðhald.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Magnús Ingi Ingvarsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Blikastígur 11, úr aðaluppdrætti frá 1982



Blikastígur 11, júlí 2019

Gerð húss:

	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	stallað ál	Stallað ál
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Ris Einlyft Kvistir Svalir	Einlyft Ris Svalir Kvistir

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft einbýlishús með íbúðarrisi og tvöfaldur bílskúr, allt úr timbri. Timbureiningahús.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Komið er að viðahaldi byggingarhluta.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Magnús Skúlason

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Blikastígur 12, úr aðaluppdrætti frá 1988



Blikastígur 12, ágúst 2019

Gerð húss:	**Upphafleg:**	**Núverandi:**
Byggingarefni	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft einbýlishús með íbúðarrisi úr timbri.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús, höfundarverk Magnúsar Skúlasonar, arkitekts.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð, en glerskáli sem sýndur er á teikningu var ekki byggður.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið þarfnast viðhalds.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Teikningar ekki aðgengilegar.

Blikastígur 13, sept 2019

Gerð húss:

	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni	Timbur	Timbur
Útveggir:		Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Ris Einlyft Hornsneitt	Einlyft Ris Hornsneitt

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft timburhús með íbúðarrisi og stakstæðum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.
Upprunalegt gildi:	óvíst	Ekki vitað það sem upprunalega teikningu vantar.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel viðhaldið. Bárujárnsklæðning er líklega nýleg.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Gísli Gunnarsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Blikastígur 14, úr aðaluppdrætti frá 1989.



Blikastígur 14 - ágúst 2019

Gerð húss:

	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni	Timbur	Timbur
Útveggir:	Steniklæðning	Steniklæðning
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft Ris Svalir Kvistir	Einlyft Ris Svalir Kvistir Reykháfur

Helstu breytingar:

		Hönnuðir breytinga:
2019	Vinnustofa í stað bílskúrs sem aldrei var byggður.	Hildur Bjarnadóttir, Arkitekt

Saga

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft einbýlishús með mænisþaki og íbúðarrisi. Liklega einingahús. Bárujárnsklædd vinnustofa.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð, árið 2019 var byggð vinnustofa í stað bílskúrs sem aldrei var byggður.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Komið er að viðhaldi húss.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Teikningar ekki aðgengilegar.

Blikastígur 15, júlí 2019

Gerð húss:	**Upphafleg:**	**Núverandi:**	**Helstu breytingar:**	**Hönnuðir breytinga:**
Byggingarefni	Timbur	Timbur		
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft Ris Kvistir	Einlyft Ris Kvistir		

Saga

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft einbýlishús með íbúðarrisi og stakstæðum bílskúr, allt úr timbri, líklega einingahús.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.
Upprunalegt gildi:	Óvíst	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð, en teikningu vantar.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Komið er að viðhaldi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Jón Vestdal
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun:



Akrakot, árið 1968



Blikastígur 16, júlí 2019

Gerð húss:	**Upphafleg:**	**Núverandi:**	**Helstu breytingar:**	**Hönnuðir breytinga:**
Byggingarefni	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:		Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga

Húsið var byggt sem verksmiðja til þess að vinna joð úr þara. Stór skorsteinn var á húsinu. Erlendur Jónsson lögreglumaður átti síðar húsið.

"Töluvert er af þara í fjörunum við Álftanes og hefur hann verið nýttur nokkuð til ýmissa nota, og var hann auglýstur sem hlunnindi með jörðum áður fyr, enda lítið um annað eldsneyti að fá á Álftanesi. Þarinn var þá þurrkaður og nýttur til eldsneytis og hefur sú iðja verið nokkuð stórtæk þar sem stærri heimili eiga að hafa flutt úr fjörunni um 150– 300 hesta hvert sumar. Reynt var að halda úti þarabrennslu á Norðurnesi í upphaf 20. aldar og var félag stofnað um brennsluna og reist lítil verksmiðja á Akrakoti til að brenna þarann og framleiða joð. Eitthvað virðist eignarhaldið á vinnslunni vera á reiki, þar sem nefnt er að félagið sé breskt, skoskt og þýskt, en að forstöðumenn félagsins hér á landi væru Jón Vestdal og Daniel Danielsson. "

Eldri ljósmynd, María Birna Sveinsdóttir, úr bókinni Álftanes, Myndir í 50 ár 1963-2012.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einfalt alþýðuhús, einlyft með mænisþaki. Tvöfaldur, stakstæður bílskúr er yngri. Íbúð í bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Eina gamla íbúðarhúsið í byggðinni.
Umhverfisgildi:	Hátt	Eina gamla húsið í byggðinni við Blikastíg. Lóðir voru skipulagðar í kringum þetta hús.
Upprunalegt gildi:	Óvíst	Teikningar vantar.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel viðhaldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Eina gamla íbúðarhúsið við Blikastíg.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti	

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Blikastígur 16A, úr aðaluppdrætti frá 2007



Blikastígur 16A, júlí 2019

Gerð húss:	**Upphafleg:**	**Núverandi:**	**Helstu breytingar:**	**Hönnuðir breytinga:**
Byggingarefni	Timbur	Timbur		
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga

SG einingahús úr timbri.


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft timburhús með mænisþaki og innbyggðum bílskúr. Húsið er klætt laréttu bárujárni og skreytt smárúðugluggum.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er virðist óbreytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Nýlegt hús.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Jóhannes Pétursson, Sigurður Sigurðsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Blikastígur 17, úr aðaluppdrætti frá 1990 og 2006



Blikastígur 17, júlí 2019

Gerð húss:

	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Stallað ál	Stallað ál
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft Ris Kvistir	Einlyft Kvistir Ris

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft einbýlishús með íbúarrisi með kvistum. Stakstæður, tvöfaldur bílskúr. Allt úr timbri, líklega einingahús.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð, bílskúr var byggður 2006 eftir upprunalegri teikningu.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Komið er að viðhaldi byggingarhluta.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Húsnæðisstofnun ríkisins

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Gistiþjónusta



Blikastígur 18,úr aðaluppdrætti frá 1989



Blikastígur 18, júlí 2019

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft Ris	Kvistir Einlyft

Helstu breytingar:		Hönnuðir breytinga:
2010	Byggt á milli húss og bílskúrs og bílskúr stækkaður.	Viggó Magnússon, byggingafræðingur

Saga

Árið 2019 er rekið gistihús í hluta hússins.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft einbýlishús með íbúarrisi með kvistum. Bískúr er sambyggður. Allt úr timbri, líklega einingahús.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús. Gistiþjónusta er rekin í húsinu.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist óbreytt frá frystu gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið lítur vel út að utan.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Sveinn Ívarsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Blikastígur 19, úr aðaluppdrætti frá 2005



Blikastígur 19, júlí 2019

Gerð húss:

	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Steining	Steining
Þakgerð:	Gaflsneitt þak	Gaflsneitt þak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft Ris Svalir Kvistir	Einlyft Svalir Kvistir Ris

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga

Árið 2019 er rekið gistihús í hluta hússins.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft, steinsteypt einbýlishús með sambyggðum bílskúr og þaksvölum á tengibyggingu. Íbúðarris yfir huta hússins.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús. Gistiþjónusta er rekin í húsinu.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er óbreytt frá fyrstu gerð, en breytigar voru gerðar á meðan byggingu þess stóð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel viðhaldið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Blikastíg.

Verndarflokkar:

Byggingarár: 1960

Álftanesviti

Fyrsti eigandi: Reykjavíkurborg / Siglingastofnun Íslands
Hönnuður: Eggert Steinsen

Upphafleg notkun: Viti
Núverandi notkun: Viti



Álftanesviti, 2008



Álftanesviti, 29. ágúst 2019

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Borðaför	Borðaför		
Þakgerð:	Flatt þak	Flatt þak		
Þakklæðning:				
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:				

Saga

Í bókinni Vitar á Íslandi segir eftirfarandi: "Álftanesviti er ferstrent steinsteypt 4,7 m hátt hús, 1,7x2,4 m að stærð. Vitinn og ljós í turni Bessastaðakirkju voru innsiglingarvitar, fremra og aftara ljós, sem bar saman í 157° stefnu og sýndu þá leiðina milli Kerlingaskers og Suðurness. Ljóstæki Álftanesvita voru af alllra einföldustu gerð; tvær bílljósasamlokur. Reykjavíkurborg átti ljóstækin en Vitastofnun tók við rekstri þeirra árið 1991. í byrjun árs 1992 voru bílaljósin tekin og í þeirra stað settur stefnuviti og er það eini stefnuvitinn sem er í notkun hér á landi".

Gárungar á Álftanesi kölluðu vitann, "hálfvitann" sökum þess hversu stuttur hann er.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Viti af einföldustu gerð.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Hluti af sögu vita á Íslandi
Umhverfisgildi:	Hátt	Vitar hafa ákveðið aðdráttarafl og það hefur Álftanesviti líka, þó að hann sé að einföldustu gerð og stuttur í annan endann.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Vitinn er óbreyttur frá fyrstu gerð, nema hvað ljós varðar og skipt var um lit á hurð úr brúnu í hvítt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Vitinn er nýmálaður.
Varðveislugildi:	Hátt	Viti af einföldustu gerð en jafnframt hluti af sögu vita á Íslandi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Haukur Ásgeirsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Fálkastígur 1, úr aðaluppdrætti frá 2005



Fálkastígur 1, júlí 2019

Gerð húss:	**Upphafleg:**	**Núverandi:**	**Helstu breytingar:**	**Hönnuðir breytinga:**
Byggingarefni	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft, einbýlishús úr forsteyptum einingum með tvöföldum innbyggðum bílskúr. Þak er létt valmaþak.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
